


Innra mat Rimaskóla.

2025-2026



Greinargerð um innra mat

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Rimaskóla 2025-2026.

Sett er fram langtímaáætlun til 5 ára, áætlun fyrir skólaárið, viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Að lokum er sett fram umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#), [leiðsagnarnámi](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en teymi um innra mat leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennskuteyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, verkefnastjóri, stigstjóri og kennari á yngsta stigi og teymið fundar að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði.

Gæðaviðmið grunnskóla

Gæðaviðmið grunnskóla liggja til grundvallar matinu. Þau eru sett upp í langtímaáætlun (3-5 ára) og út frá henni er sett fram áætlun fyrir skólaárið. Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með innra mats teymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans.

Aðrir þættir innra mats

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áherslupáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennskuteymi skólans. Leiðsagnarnám, niðurstöður námsmats, viðhorfskannana nemenda, starfsfólks og foreldra eru einnig hluti af innra mati skólans.

LANGTÍMAÁÆTLUN					
Innra mat X-skóla					
Gæðaviðmið Menntamálaráðuneytis	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Stjórnun og fagleg forysta					
Samvirkni í stefnumótun			X		
Faglegt samstarf og samræða					X
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu					
Umbætur og innleiðing breytinga					
"Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir"		X			
Starfsmannastjórnun og verkaskipting		X			
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks			X		
Nám og kennsla					
Inntak og námskrá		X			X
Árangur náms	X			X	
Gæði kennslu	X		X		X
Skipulag náms					
Námsvitund		X			
Ábyrg og þátttaka	X			X	
Menntastefna Reykjavíkur	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029	2029-2030
Félagsfærni	X				
Sjálfsefning		X			
Heilbrigði			X		
Læsi				X	
Sköpun					X
Aðrir áherslupættir skóla					

ÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ

Innra mat grunnskóla

Viðfangsefni	Markmið	Hvernig metið	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur
Stafræn hæfni nemenda	Auka hæfni nemenda í notkun upplýsingatækni og gagnrýnni hugsun	Sjálfsmat, verkefnaskil, athuganir í kennslustundum	Október 2025 – maí 2026	Kennarar og Gróskuteymi	Nemendur nýta tæknina á ábyrgan og gagnrýnninn hátt
Foreldrasamstarf	Efla upplýsingaflæði og þátttöku foreldra í skólastarfi	Viðhorfskannanir, fundargerðir, þáttökulistar	September 2025 – júní 2026	Skólastjórnendur og umsjónarkennarar	Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum og samræðum
Jafnrétti og fjölbreytileiki	Stuðla að jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika	Viðhorfskannanir, athuganir, rýnihópar	Nóvember 2025 – júní 2026	Stjórnendur, kennarar og forvarnarteymi	Nemendur og starfsfólk sýna virðingu og skilning
Skólamenning og vellíðan	Efla jákvæða skólamenningu og vellíðan nemenda og starfsfólks	Skólapúls, viðhorfskannanir, samtöl	September 2025 – júní 2026	Stjórnendur og teymi Heillaspora	Aukin þátttaka og jákvæðni í skólastarfi
Félagsfærni nemenda	Efla samskiptafærni og samvinnu í nemendahópum	Viðhorfskannanir, athuganir í kennslustundum	Október 2025 – maí 2026	Fagmennskuteymi og umsjónarkennarar	Aukinn skilningur og virðing í samskiptum
Sjálfsefning og vellíðan nemenda	Styðja við jákvæða sjálfsmynd og sjálfstæði	Skólapúls, rýnihópar, dagbóarskráningar	Nóvember 2025 – júní 2026	Stjórnendur, kennarar og fagþróunarteymi	Nemendur sýna aukna sjálfsstjórn og þátttöku
Læsi og lestrarfærni	Auka lestrarfærni og áhuga á lestri	Lesfimi, lesmál, orðaforðapróf	September 2025 – apríl 2026	Lestrarteymi og kennarar	Framfarir í lesfimi og lesskilningi
Samvinna	Efla faglegt samtal og	Fundargerðir,	September 2025 –	Skólastjórnendur og	Aukinn þátttaka í

starfsfólks	samvinnu innan teymis	viðhorfskannanir	júní 2026	fagþróunar-teymi	teymisvinnu og samráð
-------------	--------------------------	------------------	-----------	------------------	--------------------------

GREINARGERÐ UM INNRA MAT Innra mat grunnskóla
Stutt lýsing á skóla og vinnu við innra mat Rimaskóli er heildstæður skóli með rúmlega 500 nemendur frá 1. - 10.bekk. Í fagþróunarteymi sem heldur utan um innra mat sitja þrír stjórnendur, einn verkefnastjóri þrír stigstjórar og einn kennari af yngsta stigi. Auk þess starfa nokkur teymi í skólanum s.s. forvarnarteymi, teymi um Barnasáttmála, teymi Heillaspora, Gróskuteymi og Heilsueflandi teymi ef nefna á nokkur. Þau koma að verkefnum skólastarfs og að vinna að úrbótum. Matsfundir eru haldnir að lágmarki tvisvar sinnum á önn og einnig með starfsmannahópi og/eða kennurum. Jafnframt er verið að innleiða Barnasáttmálann og koma á réttindaráði. Gert verður ráð fyrir að halda nemendaping. Innra mat byggir á gæðaviðmiðum Menntamálastofnunar, áherslum menntastefnu Reykjavíkur og leiðsagnarnámi. Gögn sem notuð eru í matinu eru m.a. viðhorfskannanir nemenda, foreldra og starfsfólks, niðurstöður námsmats (t.d. lesfimi, orðaforði), vettvangsathuganir í kennslustundum og daglegar skráningar. Matsáætlanir eru hluti af skólanámskrá og starfsáætlun.
Helstu niðurstöður innra mats Innra mat skólaárið 2024–2025 leiddi í ljós að styrkleikar skólans liggja m.a. í gæðum kennslu, árangri náms og félagsfærni nemenda. Áhersluþættir sem þarfnast umbóta eru m.a. skipulag náms, sjálfsefning og tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu. Áætlun fyrir skólaárið 2025–2026 (sjá Rautt skjal) miðar að því að bæta námsvitund, efla ábyrgð og þátttöku nemenda, og styrkja leiðtogaþæfni starfsfólks. Gagnaöflun fer fram með viðhorfskönnunum, námsmati og rýnihópum.
Styrkleikar og tækifæri Styrkleikar: - Gæði kennslu og faglegt samstarf - Árangur í lestri og orðaforða

- Virk þátttaka í innra mati
- Sterk félagsfærni nemenda
- Fjölbreyttir kennsluhættir og sýnileg kennslufræðileg hæfni kennara (Blátt skjal: „Nám og kennsla“).
- Virk þátttaka nemenda í námi og góð líðan í frímínútum (Greinargerð: Skólapúls og ÍÆR).
- Aukið foreldrasamstarf og ánægja með stjórn skólans (Blátt skjal: „Skólasamfélag“).

Tækifæri til umbóta:

- Skipulag náms og námsvitund
- Sjálfsefning og heilbrigði
- Tengsl við foreldra og skólasamfélagið
- Leiðtogaþæfni starfsfólks
- Samræming námsmats og námsáætlana (Greinargerð og Blátt skjal: „Nám og kennsla“).
- Skýrari verkaskipting og ábyrgðarsvið (Blátt skjal: „Stjórnun og skipulag“).
- Aukin þátttaka starfsfólks í innra mati (Blátt skjal: „Innra mat“).
- Bætt upplýsingaflæði til foreldra og nemenda (Greinargerð og Blátt skjal: „Skólasamfélag“).

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara.

UMBÓTAÁÆTLUN							
Innra mat Rimaskóla							
Áherslupáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Nám og kennsla	Auka fjölbreytni í kennsluaðferðum	Skipuleggja námskeið/ ráðstefnur fyrir kennara um virka kennslu-aðferðir	Skólastjórn-endur	September 2025	Maí 2026	Innlit, gátlistar	Aukin þátttaka nemenda og betri námsárangur
Lestur og lestrarhvöt	Auka áhuga og færni nemenda í lestri - Nemendur í 8.–10. bekk lesa minna en jafnaldrar	Innleiða lestrarátak, lestrarapp og fjölbreytt lesefni	Kennarar og lestrarteymi	Október 2025	Maí 2026	Lesfimi og viðhorfskann-anir	Aukinn áhugi og betri lestrarfærni
Skólasamfélag	Efla samskipti milli starfsfólks og foreldra	Halda regluleg upplýsingafundir og opna samskiptaleiðir	Skólastjórn-endur	Október 2025	Maí 2026	Foreldrakannanir og fjöldi viðburða	Meiri ánægja foreldra og aukin þátttaka

Vellíðan og tengsl nemenda	Styðja við jákvæða sjálfsmynd og tengslamyndun Nemendur vita ekki alltaf hverjum þeir geta leitað til	Kynna tengiliði og styðjandi aðila í skólanum	Teymi heillaspora, náms- og starfsráðgjaf i og kennarar	September 2025	Apríl 2026	ÍÆR og Skólapúls	80% nemenda segjast vita hverjum þeir geta leitað til
Nemendalýðræði og þátttaka	Efla rödd nemenda og lýðræðislega þátttöku Nemendur upplifa takmörkuð áhrif á skólastarfið	Virkt nemendaráð og þjálfun nemenda-fulltrúa	Kennarar og stjórnendur og teymi Barnasáttmála	September 2025	Júní 2026	Viðhorfskannanir og fundargerðir, skólaþing	Aukin þátttaka og áhrif nemenda í skólasamfélaginu
Stjórnun og skipulag	Skýra ábyrgðarsvið og verkaskiptingu	Endurskoða starfslýsingar og kynna fyrir starfsfólki	Skólastjórnendur	Október 2025	Mars 2026	Starfsmannakannanir og árangursviðtöl	Skýrari verkaskipting og aukin starfsánægja
Loftslagsmál og sjálfbærni	Ná skrefum 3 og 4 í Grænum skrefum	Að ljúka við skrefum 3 og 4 sem tókst ekki á síðasta skólaári	Teymi grænu skrefa og stjórnendur	September 2025	Apríl 2026	Fundargerðir, aðgerðaráætlun	Viðurkenning á skrefum 3 og 4
Innra mat	Auka þátttöku starfsfólks í innra mati	Skipuleggja vinnustofur og kynningar um innra mat	Fagþróunarteymi	Janúar 2026	Maí 2026	Virkt matsteymi, Teymi í skólanum taka að sér verkefni	Meiri þátttaka og betri nýting niðurstaðna